

REGLUGERÐ

um hafnamál.

1. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn hafnamála. Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála samkvæmt hafnalögum og veitir hafnamálastjóri henni forstöðu.

2. gr.

Hafnamálastofnuninni skal skipt í eflirtaldar deildir:

1. **Tæknideild**, sem hefur með höndum áætlanagerð, rannsóknir og hönnun mannvirkja, hefur yfirumsjón með tækjakosti stofnunarinnar og rekstri hans og þeim framkvæmdum, sem stofnunin annast, sbr. 4. gr.
2. **Aðalskrifstofa**, sem sér um bókhald og fjárreiður Hafnamálastofnunar ríkisins og sér um uppgjör á kostnaði við styrkhæfar hafnarframkvæmdir. Skrifstofan hefur með höndum undirbúning að gerð fjárlagatillagna fyrir stofnunina. Skrifstofan fylgist með rekstri hafnarsjóða, hefur með höndum innheimtu ársreikninga frá þeim og annarra gagna, er varða rekstur þeirra. Hún fylgist með breytingum á verðlagi og öðru, er áhrif hefur á rekstrarafkomu hafnarsjóða og safnar gögnum vegna nauðsynlegra breytinga á hafnargjöldum til þess að tryggja hag þeirra. Skrifstofan annast fjárhagslega afgreiðslu í umboði hafnarsjóða, ef óskað er.

Einnig sér aðalskrifstofan um bókhald og fjárreiður Vitastjórnar Íslands.

3. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna um málefni hafnanna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Hafnasambandi sveitarfélaga og tveir fulltrúar tilnefndir af samgönguráðherra. Skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefnd þessi er skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin skal fjalla um öll meiri háttar reksturs- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunarinnar, fylgjast með rekstri hennar og framkvæmdum og hvernig áætlanir þar að lútandi standast. Nefndin skal einnig fjalla um allar skipulagsbreytingar í Hafnamálastofnuninni.

Nefndin skal vera ráðgefandi um fjögurra ára áætlanir, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár, svo og fjármál hafnanna, þ. á m. um gjaldskrárákvæði í hafnarreglugerðum.

Hafnamálastjóri situr fundi nefndarinnar ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til, eða nefndin óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti. Skal hann leggja þar fyrir þau mál, sem hann telur falla undir störf nefndarinnar samkvæmt framansögðu eða nefndin óskar eftir. Skal það gert áður en hafnamálastjóri sendir málið og tillögur sínar til samgönguráðherra.

Nefndin ákveður nánar um starfstilhögun sína, þ. á m. hvar og hvenær fundir

skulu haldnir. Hún skal halda gerðabók, þar sem skráð skulu helstu mál, sem hún fjallar um og afstaða hennar til þeirra, svo og sjónarmið hafnamálastjóra og sérfræðinga Hafnamálastofnunarinnar, ef fyrir liggja.

4. gr.

Til að annast þær framkvæmdir, sem Hafnamálastofnun ríkisins eru faldar í hafnalögum, skal stofnunin hafa til umráða nauðsynleg tæki og vélar, svo og sérþjálfað starfslíð.

Stofnunin skal sérstaklega vera búin tækjum til dýpkunarframkvæmda.

Starfsemi þessi skal rekin undir nafninu Áhaldahús Hafnamálastofnunarinnar sem B-hluta fyrirtæki ríkissjóðs.

Verð þjónustu Áhaldahússins skal ákveðið sem næst því er gerist á almennum markaði. Leiga fyrir sérhæfð tæki skal ákvörðuð þannig, að eðlileg endurnýjun tækjanna geti átt sér stað. Til kaupa á sérstökum búnaði, sem ekki er unnt að gera ráð fyrir að verði endurgreiddur með leigum á eðlilegum tíma, fær Áhaldahúsið styrk úr ríkissjóði.

5. gr.

Þegar fyrir liggur beiðni frá hafnarstjórn um undirbúningsrannsóknir, hönnun eða beina framkvæmd, skulu Hafnamálastofnun og viðkomandi hafnarstjórn koma sér saman um á hvorn hátt verkið verði best unnið. Skal samgönguráðuneytinu send greinargerð um niðurstöður þess samkomulags.

Hafi samkomulag ekki tekist milli Hafnamálastofnunarinnar og hafnarstjórnar, getur hafnarstjórn leitað heimildar ráðherra fyrir að hafa framkvæmdina á eigin hendi eða að bjóða hana út, allt verkið eða hluta. Ráðherra ákveður, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, hvort umbeðin heimild skuli veitt.

6. gr.

Þegar um framkvæmdir er að ræða, sem Hafnamálastofnun ríkisins annast, skulu þær unnar í samráði við hafnarstjórn, sem telst framkvæmdaaðili.

Kostnaður við verkið skal færður til skuldar hjá viðkomandi hafnarsjóði, en Hafnamálastofnun ríkisins veitt umboð til að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna verksins, þar með talin efniskaup, vélaleiga og greiðsla á launum. Skulu Hafnamálastofnunin og viðkomandi hafnarstjórn skiptast reglulega á yfirlitum um áfallinn framkvæmdakostnað.

Fyrir þjónustu sína skal Hafnamálastofnunin fá greidd laun og launatengdan kostnað þeirra starfsmanna, er beint vinna að verkinu, svo og þann beina kostnað, er stofnunin hefur af viðkomandi verki.

7. gr.

Hafi ráðherra heimilað, að viðkomandi hafnarstjórn hafi á eigin hendi hafnarframkvæmdir, skal Hafnamálastofnun ríkisins hafa tæknilegt og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdunum. Allar áætlanir og uppdættir skulu sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn, er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Framkvæmdir, sem unnar eru af hafnarstjórnnum án þess að fyrirfram hafi verið fengnar nauðsynlegar heimildir, skulu ekki taldar styrkhæfar.

8. gr.

Hafi ráðherra ákveðið, að hafnarframkvæmd skuli boðin út, skal það gert undir umsjón Hafnamálastofnunarinnar og skal hún hafa eftirlit með framkvæmd verksins.

9. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal annast mælingar, botn- og straumfræðirannsóknir, skipulagningu hafnasvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðar-áætlana svo sem nauðsynlegt er vegna hafnarframkvæmda. Verk þessi skulu unnin að beiðni hafnarstjórna, enda sé þá nauðsynlegt fjármagn fyrir hendi, eða að framkvæði Hafnamálastofnunarinnar, sé það að hennar dómi eðlilegur þáttur í gerð 4 ára áætlana um hafnargerðir.

Rannsóknir þessar skulu taldar til styrkhæfs kostnaðar við hafnargerð. Sé sérstakt fjármagn til rannsókna ekki fyrir hendi, en þrátt fyrir það ráðist í þær, skulu þær fjármagnaðar til bráðabirgða af Hafnamálastofnun ríkisins af fé því, er hún hefur til umráða til almennra hafnarannsókna. Kostnaður þessi skal síðan endurgreiddur, þegar fé er veitt til framkvæmda á viðkomandi stað.

Telji Hafnamálastofnunin sig ekki hafa aðstöðu til að framkvæma umbeðna rannsókn eða að framkvæma hana á þeim tíma, er hafnarstjórn telur nauðsynlegt, getur hafnarstjórn óskað þess með skriflegri beiðni til ráðherra, að ráðgjafafyrirtæki sé falin framkvæmdin.

10. gr.

Hafnarstjórnir og Hafnamálastofnun ríkisins skulu koma sér saman um mörk einstakra hafnarmannvirkja, marka þau á uppdrátt og senda til samgönguráðuneytisins til staðfestingar. Náist ekki samkomulag sker ráðherra úr.

11. gr.

Innan marka hvers hafnarmannvirkis samkv. 10. gr. teljast til styrkhæfs kostnaðar: Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, dýpkanir og uppfyllingar, svo og dreifikerfi rafmagns, skólps og vatns, sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar, ásamt varanlegu slílagi á umferðaræðum innan áðurgreindra marka hafnarmannvirkja. Til styrkhæfs kostnaðar teljast einnig siglingamerki, dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, svo og löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnavogir, en um styrkhæfar lagnir rafmagns, skólps og vatns vegna þessara mannvirkja, þar sem það á við, skal tekin sérstök ákvörðun hverju sinni.

Niðurrif hafnarmannvirkja telst til hafnaframkvæmda, enda sé það liður í nýbyggingu eða í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirkí það illa farið, að til álíta komi að endurbyggja það, skal slík endurbygging því aðeins teljast til styrkhæfs kostnaðar, að mannvirkíð hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

12. gr.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkv. 11. gr. svo sem endurnýjun þybba, þekja og lagna og er slíkur kostnaður ekki styrkhæfur.

Komi upp ágreiningur milli Hafnamálastofnunar og hafnarstjórnar um hvort í einstökum tilvikum sé um að ræða eðlilegt viðhald eða styrkhæfa endurbyggingu skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

13. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við hafnargerð skal staðfest, að fjármagn verði handbært á framkvæmdatímanum og skulu um það gilda, eftir því sem við á, ákvæði 12. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Verði á framkvæmdatímanum ljóst, að kostnaður fari verulega fram úr áætlun skal framkvæmda- og/eða eftirlitsaðili þegar tilkynna það hafnarstjórn, er ber að gera ráðstafanir til frekari fjáröflunar.

Verði sökum fjárskorts að hætta verki fyrir en því eða áætluðum áfanga þess er lokið skal í samráði við hafnarstjórn miða frágang við, að þegar unnin framkvæmd nýtist sem best og að mannvirkið liggja ekki undir skemmdum sökum ófullnægjandi frágangs uns framkvæmdum verður fram haldið.

14. gr.

Unnið skal að staðaldri að áætlanagerð um hafnargerðir á Íslandi. Skal á grundvelli þeirra leggja fyrir Alþingi á tveggja ára fresti heildaráætlun til fjögurra ára í senn um hafnarframkvæmdir.

Lögð skal áhersla á yfirlitsskipulag og tæknilegar rannsóknir á hafnarstæðum, þannig að gildismat verkefna verði auðveldað svo að á grundvelli slíks mats megi marka þjóðhagslega stefnu í hafnamálum.

Um allar meiri háttar framkvæmdir skulu hafnarstjórnir koma á framfæri óskum sínum við Hafnamálastofnunina a. m. k. tveimur árum áður en áætlað er að framkvæmdir hefjist. Skal þessum óskum fylgja ítarleg greinargerð fyrir auknum þörfum fyrir hafnarmannvirki og fjármögnunarmöguleikum viðkomandi hafnarstjórnar. Þá skulu og liggja fyrir skýrslur um notkun hafnarinnar, umferð og vörumagn, svo og nýtingu viðlegumannvirkja.

Sé um minni háttar framkvæmdir að ræða, að dómi Hafnamálastofnunarinnar, má víkja frá ofangreindum ákvæðum, bæði um tímafrest og upplýsingar, þó ekki fjármögnunarmöguleika.

Á grundvelli framkominna upplýsinga hafnarstjórnanna skal Hafnamálastofnunin gera tillögur að hafnarmannvirkjum, er fullnægi þeim þörfum, sem hún telur að séu fyrir hendi, og senda þessar tillögur til viðkomandi hafnarstjórnar til athugunar og umsagnar. Skal hafnarstjórnin hafa gert athugasemdir sínar og sent Hafnamálastofnuninni fyrir 1. janúar árið áður en fjögurra ára áætlun sú, sem unnið er að, tekur gildi.

Tillaga Hafnamálastofnunarinnar að fjögurra ára áætlun viðkomandi hafnar skal send hafnarstjórn til athugunar og umsagnar. Hafnasamband sveitarfélaga skal fá tillögurnar í heild til umsagnar. Skulu þessir aðilar skila umsögn sinni og athugasemdum til Hafnamálastofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því tillögurnar voru sendar þeim.

Hafnamálastofnunin endurskoðar síðan áætlunina og sendir samgönguráðherra, sem leggur hana fyrir Alþingi.

15. gr.

Skipagjöld samkvæmt 12. gr. hafnalaga skulu miðuð við hæstu skráðu rúmlestatölu skips. Má taka þau lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Skipagjöld þessi eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og váttryggingarfé þess, ef það skyldi farast, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips, til tryggingar greiðslu gjaldanna.

Vörugjald skal tryggt með veði í varningi þess aðila, sem skuldar vörugjald, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í varningnum, uns gjaldið er greitt.

Lóðargjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðanna, allt að 5%.

Samstarfsnefnd skv. 3. gr. skal árlega endurskoða gjaldskrár hafnanna. Telji hún ástæðu til breytinga, skal hún senda tillögur þar að lútandi til samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Umsóknir um lán úr Hafnabótasjóði skulu berast samgönguráðuneytinu fyrir lok mars hvert ár.

Með lánsúmsóknunum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur fyrir lánsbeiðniinni, þ. á m. reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárförf hafnarinnar.

17. gr.

Samkvæmt 2. tölulið 19. gr. hafnalaganna er heimilt að bæta úr Hafnabótasjóði tjön, sem leiðir af skemmdum skipa á hafnarmannvirkjum, mengun o. þ. h. og ekki fást að fullu bætt vegna ákvæða IX. kafla siglingalaganna um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 45 24. apríl 1973, öðlast gildi þegar í stað.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	5%	kr. 676.00
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	3%	— 406.00
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	2.5%	— 338.00
Fjölbýlishús	1.5%	— 203.00
Verslunar- og skrifstofubyggingar	5%	— 676.00
Opinberar byggingar	5%	— 676.00
Önnur hús og byggingar	4%	— 541.00

Af kjöllum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdretti. Nú er ekki fyrir samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m ³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m ³ — —

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.